

Miðvikudagskvöld í KFUM Sunnuhlíð
klukkan 18:00 — 21:30
8. september — 17. nóvember 2010

Samverurnar byggjast á íhugun og bæn.

Þær hefjast með máltíð, þá er helgistund og erindi. Því næst er textinn íhugaður, ræddur í hóp og unnið með hann samkvæmt „*skóla orðsins*“, sem er gömul aðferð við lestur orðsins. Viðfangsefnið er boðorðin TÍU og rökrætt um hvernig þau eru grundvöllur siðfræði á 21. öld.



„Sæll er sá maður er ... hefur yndi af lögmáli Drottins og hugleiðir lögmál hans dag og nótt.“ (Sálm. 1:1)



Eyjafjarðarprófastsdæmi

FRAMHALDSNÁMSKEIÐ Á ALFA 2010
GUÐMUNDUR GUÐMUNDSSON
HÉRAÐSPRESTUR

Póstfang:
Kirkjubær við Ráðhústorg
Brekkgata 1b
IS-600 Akureyri

Sími: 462 6702
Upplýsingar í síma: 897 3302
Netfang: gudmundur.gudmundsson@kirkjan.is

Tíu
boðorð
á 21. öld



Sími: 462 6702 og 897 3302

Dagskrá haustið 2010

Kristin siðfræði á 21. öld

Menning okkar er að breytast. Margvísleg sjónarmið eru lögð til grundvallar siðferði samtímans. Lífskoðanir eru margar og fjölbreyttar, „margir sannleikar“ hlið við hlið. Við þessar aðstæður er siðfræðin knýjandi og ögrandi viðfangsefni.

Tíu boðorð Guðs eru ævafor. Þau eru rótgróin í okkar vestrænu menningu. Kristin trú tók þau í arf frá gyðingdómi. En þau eiga sér líka samsvörin í mannlegri samvisku. Eru boðorðin ófrávíkjanleg boð Guðs og leiðbeining í lífinu?

Markmið námskeiðsins „Tíu boðorð á 21. öld“ er að þátttakendur þjálfist í að lesa

Guðs orð í bæn og íhugun. Á ærlegan hátt verður siðferðið skoðað með boðorðin gömlu að leiðarljósi, tekist á við Guð og menn í leit að hamingju, blessun og gæfu í lífinu.



Frekari upplýsingar leitið undir:
Eyjafjarðarprófestsdæmi

1. lestur: miðvikudaginn 8. september
2. Mós. 20:1-17

Inngangur: Tíu boðorð

Boðorðin tíu snerta öll svið lífsins, allt frá ytri hlutum inn að innsta kjarna lífsins. Eru þetta algildar reglur eða ákveðum ildi þeirra.

2. lestur: miðvikudaginn 15. september
Lúk. 12:15-21. Matt. 6:25-26

Ágirnd og nægjustemi

„Þú skalt ekki gjarnast.“ - Girnd er gamaldags orð en löngun í eigin annarra þekkingu allir. Hvaða afleiðingar hafa óheftar langanir í auð, völd og frægð? Hvernig hjálpar einfaldur lífsstíll okkur og nægjustemi?

3. lestur: miðvikudaginn 22. september
1. Mós. 3:8-13. Jóh. 18:28-38

Sannleikur og lygi

„Þú skalt ekki bera ljúgvitni.“ - Allsstaðar eru orð en eru þau sönn? Hvaða afleiðingar hefur lygi í samfélagi manna? Guð er sannleikur og samkvæmur sér. Hvernig birtir Jesús sannleika Guðs á einstæðan hátt?

4. lestur: miðvikudaginn 29. september
Matt. 6:19-21. Lúk. 19:1-10.

Þjófnaður og örlæti

„Þú skalt ekki stela.“ - Hvað er þjófnaður? Stjórnanir dýrkun á hlutum og auðvaldi samféluginu? Hvernig á boðun Jesús um fátækt og örlæti við í upphafi 21. aldar?

5. lestur: miðvikudaginn 6. október
Matt. 5:29-30. 1. Kor. 6:12-20.

Trúfesti og svik

„Þú skalt ekki drygja hór.“ - Kynlíf er rætt opinskátt í dag en hefur það leitt til tryggari hjónabanda? Er trúfesti dyggð? Hvað er átt við með því að líkami okkar sé musteri Guðs?

6. lestur: miðvikudaginn 13. október
1. Mós 4:5-10. Matt 5:21-26

Reiði og sátt

„Þú skalt ekki morð fremja.“ - Allir geta tekið undir það. Dauðinn er fjarlægur í veruleikanum en nálægur í fjölmiðlum og tölvuleikjum. Hvaða afleiðingar hefur kenning Jesús um að allir menn séu bræður og systur?

7. lestur: miðvikudaginn 20. október
Ef. 5:21-6:4

Fjölskyldubönd og einangrun

„Heiðra föður þinn og móður þína.“ - Biblían hefur að geyma mjög raunsæjar fjölskyldusögur. Hvaða sess hefur fjölskyldan í Guðs orði?

8. lestur: miðvikudaginn 27. október
1. Mós. 1:31-2:4. Salm. 23.

Heilög hvíld og mannlegt strit

„Minnstu þess að halda hvíldardaginn heilagan.“ - Er annríki orðið tákn um mikilvægi okkar? Hvað á Biblían við með hvíld og til hvers er hvíldin?

9. lestur: miðvikudaginn 3. nóvember
Matt. 1:18-25. Fil. 2:6-11

Heilagur Guð og afhelgun

„Þú skalt ekki leggja nafn Drottins, Guðs þíns, við hégöma.“ - Hvaða þýðingu hefur nafn okkar og virðing fyrir því? Hvað heitir Guð? Hvernig kenndi Jesús okkur að þekkingu Guð og tala við hann?

10. lestur: miðvikudaginn 10. nóvember
Salm. 115:3-8. Post. 17:16-34

Guð og goðin

„Þú skalt engar líkneskur gjöra þér.“ - Hvað er Guð og hvað er Guð ekki? Er því auðsvarað á okkar tímum? Hvers vegna hneigjumst við til hjáguða og er nokkuð að því að eiga sér átrúnaðargöð?

11. lestur: miðvikudaginn 17. nóvember
2. Mós. 20:1-3. Jóh. 19:16-30

Guð einn sem var og er

„Þú skalt ekki hafa aðra guði en mig.“ - Hinn sanni og lífandi Guð er kjarni boðordanna. Hver er hann? Hvernig þjónum við Guði sem frelsar og dvelur hjá okkur?